

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

292. tbl - 7. árg.

22. febrúar 2007



SPARISJÓÐUR
Ólafsvíkur

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

Blakmót



Um síðustu helgi var haldið blakmót í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar. Samtals kepptu 17 lið á mótinu, flest af Snæfellsnesi en einnig frá Sauðárkróki, af höfuðborgarsvæðinu og svo komu tvö lið frá vinnubæ Snæfellsbæjar, Álftanesi. Í 1. deild karla varð Fylkir í 1. sæti en Víkingur í öðru. Í 1. deild kvenna sigraði Reynir og í 2. deild kvenna sigraði Snæfell.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hve mikil lyftistöng svona mót eru fyrir bæjarlífið en samtals munu hafa verið nálægt 100 aðkomumenn á vappi í Ólafsvík vegna þessa móts.

Fiskmarkaður Íslands gaf öll verðlaun á mótinu.

Meðfylgjandi mynd af sigurliði Reynis og klappstýrum þeirra tók Kristinn Ásbjörnsson.

Ólafsvíkurkirkja

Sunnudagaskóli

nk. sunnudag kl. 11.00.

Allir velkomnir

Sóknarprestur


FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrár hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Samgönguáætlun

Í samgönguáætlun til fjögurra ára sem er til umfjöllunar hjá Alþingi þessa dagana er gert ráð fyrir að 100 milljónum verði varið til að byggja upp veg á Fróðárheiði árið 2010. Í samgönguáætlun sem tekur yfir árin 2011-2018 er gert ráð fyrir að verja 460 milljónum í veg yfir Fróðárheiði og með

þeirri fjárhæð á þessi framkvæmd að klárast.

Í þessari samgönguáætlun er gert ráð fyrir að verja rúmlega 256 milljónum í hafnargerð á Vesturlandi á árunum 2007 - 2010, af þessum 256 milljónum eru 170 milljónir ætlaðar til hafna í Snæfellsbæ.

 **KÆLIVER** ehf
S:530-3100

Hús til sölu



Hellissandur
Bárðará 12. Húsið er 121,1 fm auk 58,3 fm bílskúrs og því alls 179,6 fm. Það er byggt 1966 úr steypu og samanstendur af forstofu, holi, fjórum herbergjum, baðherbergi, stofu, eldhúsi, þvottahúsi og geymslu. Á forstofu, þremur herbergjum og eldhúsi er dükur. Í eldhúsi er nýleg og falleg innrétting. Á holi, stofu, einu herbergi og gangi er parket og í þremur herbergjum eru skápar. Baðið er flisalagt sem og tölvuherbergi og þvottahús. Allir ofnar eru nýir og einnig rafmagnstaflan. Flestir gluggar í húsinu eru nýlegir. Lóðin er stór og fyrir framan húsið er tresólpallur og við bílskúrinn er steypd bilastæði.
Ásett verð: 18,2 millj.



Ólafsvík.
Brautarholt 4 efri hæð. Húsið er byggt úr holsteini 1957, íbúðin sem er um 90 fm að gólfleti skiptist í andyri, teppalagðan stigagang, baðherbergi, eldhús, hol, stóra stofu og tvö rúmgöð herbergi. Á baði eru flisar og á eldhúsi, herbergjum, holi og stofu er gott parket. Þvottahús er í kjallara. Raflagnir, gluggar, og þak er nýlegt og tvær hliðar hússins eru klæddar. Íbúðin litur mjög vel út utan sem innan. Húsið stendur á mjög góðum stað og úr íbúðinni er gott útsýni yfir bæinn. Á lóð hússins er 25.1 fm bílskúr
Verð: Tilboð.



Ólafsvík.
Brautarholt 10 er byggt úr steypu árið 1957. Húsið er á tveimur hæðum og er alls 183,2 fm. Á efri hæðinni sem er 107,9 fm er flisalögð forstofa, eldhús með góðri innréttingu, hol með parketi og baðherbergi sem er flisalagt í hof og gólf. Ennfremur er rúmgöð stofa með parketi á gólfi sem og tvö herbergi með parketi. Gengið er út á sólpall úr stofunni. Nýlegar hurðir eru á efri hæðinni. Á neðri hæðina sem er 75,3 fm, er gengið niður parketlagðan stiga úr holinu. Þar er hol og tvö herbergi og klósett og á öllum gólfum eru flisar. Einnig er þvottahús á neðri hæðinni. Við húsið er 49 fm bílskúr úr timbri og er hann nýtekin í gegn. Umhverfis húsið sem litur allt vel út er vel gróin garður.
Verð: 17,5 millj.

Sjá upplýsingar
um eignir í Snæfellsbæ
á valholl.is undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718


VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingfólfur G. Gissurarson, löggtur fasteignasali,
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

Verkefnið „Allt hefur áhrif - einkum við sjálf“

Snæfellsbær er einn af 25 sveitarfélögum sem taka þátt í verkefni Lýðheilsustöðvar, „Allt hefur áhrif - einkum við sjálf“. Hvert sveitarfélag, sem tekur þátt í verkefninu, mót- ar eigin stefnu og aðgerðaá- ætlun um aukna hreyfingu og bættu næringu barna í sinni heimabyggð, í sam- ræmi við eigin þarfir og að- stæður. Innan hvers sveitar- félags er starfræktur lýð- heilsuhópur sem er einskön- ar tengiliður Lýðheilsustöð- var við leik- og grunnskóla bæjarins sem og við heilsu- gæsluna. Í lýðheilsuhóp- num í Snæfellsbæ eru fulltrú- ar frá grunnskóla, leikskól- um, foreldrafélögum, heilsu- gæslu og íþrótt- og æsku- lýðsfulltrúi.

Í lok janúar stóð Lýð- heilsustöð fyrir námskeiðum í Snæfellsbæ fyrir stjórnend- ur og starfsfólk grunn- og leikskóla staðarins. Jórlaug Heimisdóttir, verkefnastjóri hjá Lýðheilsustöð, kynnti niðurstöður könnunar um hreyfingu og næringu barna á Snæfellsnesi og Hólmsfríð- ur Þorgeirsdóttir, næringar- fræðingur, var með fyrirlest- ur um mikilvægi hollrar og góðrar fæðu í leik- og grunn- skólum. Á fyrirlestrunum var farið ytarlega yfir mikilvægi þess að börn á leik- og grunnskólaaldrí fengu fæðu sem væri sem fjölbreyttust

og hugað væri að fæðuflokk- unum í fæðuvæli. Einnig var fjallað um hreyfingu barna og hversu mikið kyrrseta barna hefur aukist á liðnum árum.

Í þessari viku fá öll börn í leik- og grunnskólum Snæ- fellsbæjar afhent blað með næringar- og hreyfingur sem Lýðheilsustöð gefur út. Í næringarhringnum geta börnin og foreldrar þeirra skoðað fæðuflokkana sex en undirstaða holls mataræðis er að borða fjölbreyttan mat úr öllum fæðuflokkunum. Hreyfingurinn sýnir á myndrænan hátt hvernig börn geta aukið hlut hreyf- ingar í sínu daglega lífi.

Að lokum viljum við minna á opna tímunn í íþróttahúsinu. Lýðheilsu- hópurinn hefur fengið afnot af 1/3 hluta íþróttahúss Snæ- fellsbæjar, á laugardögum milli kl. 13 og 14 (þegar ekki eru íþróttamót í húsinu). Markmiðið er að íbúar Snæ- fellsbæjar geti nýtt sér húsið til samveru með börnum sínum og stuðlað þannig að aukinni hreyfingu. Börnin eiga að vera í fylgd með for- ráðamönnum eða öðrum 18 ára og eldri.

Lýðheilsukveðjur



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Góugleði

verður haldin í Röst
laugardaginn 3. mars 2007.



Húsið opnar kl. 19.00
með fordrykk.

Borðhald hefst kl. 20.00 stundvíslega.

Boðið verður upp á sælkerahlæðborð,
a la Bæjarins besta.

Veislustjórar verða
Magnús Þór Jónsson og Helga Lind Hjartardóttir
Heimsklassa skemmtiatriði.

Hljómsveitin Upplýfting leikur fyrir dansi.
Aldurstakmark 18 ár.

Miðasala verður sunnudaginn 25. febrúar
í Röst kl. 17.00 Miðaverð 5.500,-
Snyrtilegur klæðnaður.

Allur ágóði rennur til Ungmennafélagsins Reynis.

INGJALDSHÓLSKIRKJA

SUNNUDAGINN 25. FEBRÚAR

DÓTADAGUR Í
SUNNUDAGASKÓLANUM
KL. 11:00

LÉTTMESSA KL. 20:00

Komum saman í kirkjunni
til lofgjörðar og þakkargjörðar.

Sóknarprestur





HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

PIZZUTILBOÐ ALLA DAGA
Afsláttur á Bland í poka á laugardögum

Skipti



Yfir 90% af öllum símtölum og rafrænum gagnaflutningi milli stranda fara um sæstrengi. Þá sjaldan að símtal til útlanda fer um gervihnött þá verða viðmælendur þess illilega varir með bergmáli, seinkunum og truflunum. Lengra erum við ekki komin á gervihnattaöldinni. Sæstrengir mynda orðið þétt net um Jörðina og afköst þeirra hafa margfaldast. Venjulegur koparstrengur sem í upphafi gat flutt 22.000 símtöl samtímis getur í dag flutt um 400 þúsund símtöl samtímis og ef VOIP staðalinn nær hylli þá mun þessi sami strengur geta flutt 1,7 milljónir samtímis í sömu gæðum og þeir þekkja sem nota Skype og aðra netsíma. Gervihnettirnir eru meira notaðir í sjónvarpssendingar þar sem minniháttar seinkun og truflun er ásættanleg. Símtotendur sætta sig ekki við slíkt og þess vegna verða símtöl sjóflutt eitthvað

áfram.

Sá sem þetta skrifar er nógu gamall til að hafa lifað við langbylgjustöðvar síma á sínum sjómansferli á Flæmska Hattinum. Stöðin hafði þann galla helstan fyrir utan að vera óhemjudýr að samskiptin voru einstefnd, annað hvort var talað eða svarað með „skipti“ meldingum á milli. Annar galli var sá að aðrir gátu hlustað í út-vörpum og margt skemmtilegt barst á milli skipa í annars fullkomnu tilbreytingarleysi þokunnar þarna úti.

Eitt símtal frá ungum manni til móður sinnar var minnisstætt sem hann kvartaði sáran yfir því að fátt væri til skemmtunar og tók steinin úr að „þeir“ ætluðust til að hann ynni á nóttunni.

Á ballarhafi blárra mynda fá bein úr hafi sótt Misjöfnu skal manni lynda og vinna um miðja nótt

Guðni Gunnarsson

Nýtt-nýtt

Hálsmen, eyrnalokkar,
armbönd og hringir
bæði fyrir dómur og herra.

Vorum einnig að fá
fallegt fermingarskraut
s.s. steinalengjur, fiðrildi,
kerti og serviettur.

Verslunin Hrund
Ólafsbraut 55
Sími: 436 1165



Aðalflutningar

Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu
að Norðurtanga 1

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík
kl. 17:00 alla virka daga.
Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.
Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613

GETRAUNIR

Áhöfnin á Magnúsi SH var með 11 rétta. Netagerð Aðalsteins var með 9 rétta. Netagerð Aðalsteins skorar á getrauna snillingana hjá Gústalögnum ehf. Hópleikurinn er í fullum gangi og verður staðan í hópleikum birt í næsta

blaði. Opið laugardag kl 10.30. til 13.00. Á skrifstofu Víkings Norðurtanga 1. Heitt kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur

Stjáni Tótu.

Er kyndikostnaðurinn hár?

- Kyndirðu með rafmagni? -í heimahús
- Kynntu þér varmadælurnar -í geymslur
- Þær lækka kyndikostnaðinn -í útihús
- í sumarhús



Ís-húsið 566 6000



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylga@bylgja.is

Atvinna

Tölvuverk ehf óskar að ráða starfskraft til færslu bókhalds og uppgjörsvinnu ásamt almennum skrifstofustörfum. Vinnutími frá kl. 8.00 - 12.00 og 13.00 - 16.00

**Mikilvægt að umsækjandi hafi þekkingu á bókhaldi.
Reynsla af DK viðskiptahugbúnaði, word, excel og outlook mjög æskileg.**

Umsóknir sendist á netfangið magnus@tolvuverk.is ásamt upplýsingum um fyrri störf og menntun. Allar nánari upplýsingar gefur Magnús í síma 436 1590

Tölvuverk ehf. hefur í 22 ár rekið bókhalds og skrifstofuþjónustu fyrir fyrirtæki á Snæfellsnesi og á höfuðborgarsvæðinu.

Tölvuverk ehf. er samstarfsaðili PricewaterhouseCoopers

Tölvuverk ehf.

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

TIL SÖLU

Dekkja- og smurþjónusta til sölu

Dekkja- og smurþjónusta í Ólafsvík til sölu vegna sérstakra aðstæðna.

Er í eigin húsnæði, ca. 325 fm. Lítil úbúð uppi. Tilvalið fyrir bifvélavirkja eða laghentan mann.

Upplýsingar veitir Sigurjón í síma 436 1505 á vinnutíma eða 436 1204 á kvöldin.

Einnig er hægt að senda fyrirspurn á varadekk@simnet.is

Hús til sölu

Stakkholt, Ólafsbraut 2 Ólafsvík.
Selst með húsgögnum.

Bíll

Einnig til sölu SpaceWagon árg. '93-'94.
Sjálfskiptur og fjórhjóladrifinn.
Uppl. í síma 845 3508


Nýtt kjóttíllboð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.
Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.
Verslunin Kassinn ehf.
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346
meil. kassinn@thinverslun.is

Smáauglýsingar

Til leigu

er Ólafsbraut 64, efri hæð, tvö svefnherbergi, laus frá 1 mars. Til leigu er íbúð að Snæfellsási 1, efri hæð, Hellissandi 102 m2, fjögur svefnherbergi. Laus strax. Einnig til leigu 56 m2 bílskúr í Ólafsvík. Upplýsingar í síma 8963867 Kristján.

Duże mieszkanie do wynajecia 102 m2 na Snæfellsási 1 na pietrze 4 sypialnie cena wynajmu wynosi 65.000. Wszelkich informacji udziela Kristján tel. 896-3867

Íbúð til leigu

Bárðarár 10, Hellissandi 3 herbergi.
Upplýsingar í síma: 436 6727 og 896 6328

Til sölu



Til sölu fjórhjól 500cc
Skráð 16/08 '05 verð 750 þús
Uppl. í síma: 899 3882

Til leigu

Lítil hlýleg íbúð í Ólafsvík til leigu. 2 herbergi, eldhús og snyrting. Ískápur og eldhúsborð geta fylgt.
Laus strax. uppl. 436 1173